

Reglur þessar eru settar skv. heimild í 2. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 50, 30. mars 1987 og koma til framkvæmda þegar í stað.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga, um umferð í Kópavogi, sem brjóta í bága við ákvæði auglýsingar þessarar.

*Lögreglustjórinn í Kópavogi, 28. október 1988.*

**Ásgeir Pétursson.**

## REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 178, 8. apríl 1988, um gjald af erlendum lánnum, leigusamningum o.fl.**

1. gr.

Í viðauka með reglugerð nr. 178/1988 skal bætast eftirtalið tollskrárnúmer:

3917.3900

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í V. kafla laga nr. 10/1988, um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum 1988 og með vísan til 3. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 178/1988, öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytið, 14. nóvember 1988.*

F. h. r.

**Lárus Ögmundsson.**

*Ari Edwald.*

## AUGLÝSING

**um staðfestingu deiliskipulags miðbæjar Garðabæjar.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 2. nóvember 1988 staðfest deiliskipulagsupprátt af miðbæ Garðabæjar.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir. Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins mælt með því að hann verði staðfestur.

*Félagsmálaráðuneytið, 10. nóvember 1988.*

F. h. r.

**Berglind Ásgeirsdóttir.**

*Hólfríður Snæbjörnsdóttir.*